



Lög Judofélags Reykjavíkur

1) Félagið heitir Judofélag Reykjavíkur, skammstafað JR. Heimili þess og varnarping er í Reykjavík. Félagið er stofnað til að iðka judo og efla judo íþróttina eins og Jigoro Kano grundvallaði hana og samkvæmt ákvæðum alþjóða judosambandsins.

2) Málefnum félagsins stjórna: a. aðalfundur, b) stjórn félagsins.

3) Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum félagsins. Aðalfundur skal halda ekki seinna en í maí mánuði ár hvert. Boða skal til fundarins með tveggja vikna fyrirvara hið minnsta. Félagsaðild er öllum opin sem greiða félagsgjöld en kjörgengi aðeins þeir sem skráðir eru í félagið og hafa að minnsta kosti náð 18 ára aldri. Hver félagi hefur einungis eitt atkvæði á fundum félagsins. Félagsfundur má halda ef nauðsyn krefur eða ef 20 félagar eða fleiri óska þess. Boðunarfrestur almenns félagsfundar má vera helmingi styttri en til aðalfundar. Lagabreytingar má einungis gera á aðalfundi. Tillögur um lagabreytingar skulu berast stjórn félagsins eigi síðar en tveimur vikum fyrir fundinn.

4) Dagskrá aðalfundar skal vera þessi:

1. Setning fundar.
2. Kosnir fastir starfsmenn fundarins.
3. Fráfarandi stjórn flytur starfskýrslu sína.
4. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga.
5. Umræður um skýrslu og reikninga. Afgreiðsla reikninga.
6. Tillögur um lagabreytingar ef einhverjar eru.
7. Aðrar tillögur.
8. Kosning stjórnar og skoðunarmanns.
9. Önnur mál.
10. Fundarslit.

Í atkvæðagreiðslu ræður einfaldur meirihluti úrslitum, nema um lagabreytingar sé að ræða en þá þarf 2/3 hluta atkvæða til samþykktar.

5) Stjórn félagsins skipa fimm menn: formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og meðstjórnandi. Formaður skal kosinn sérstaklega en hinir fjórir í einu lagi og skiptir stjórnin verkum með þeim. Þá eru kosnir tveir menn í varastjórn. Það er hlutverk stjórnar að vinna að markmiðum félagsins og framkvæma samþykktir félagsfunda. Stjórnin skipar fulltrúa á JSÍ þing og fulltrúa í nefndir félagsins. Félagsfundir ákveða stofnun nefnda ef þurfa þykir. Heimilt er t.d. að stofna öldungaráð sem starfi sem nefnd innan félagsins til að styrkja félagsleg og sérfræðileg málefni félagsins. Stjórn félagsins getur með einróma samþykki kjörið heiðursfélaga JR þá einstaklinga er unnið hafa félaginu óvenju mikið gagn eða vill veita sérstaka sæmd fyrir framlag sitt til judo íþróttarinnar.

6) Tillögu um að leggja félagið niður má einungis taka fyrir á lögmætum aðalfundi. Tillögu um slíkt þurfa 2/3 hlutar fundarmanna að samþykkja. Verði félagið lagt niður skulu eignir þess ganga til Judosambands Íslands til varðveislu og afhendist síðar félagi er stofnað yrði með sömu markmiðum

7) Lögum félagsins verður ekki breytt nema á lögmætum aðalfundi og þá með 2/3 hlutum atkvæða viðstaddra. Um þau atriði, sem ekki eru tekin fram í lögum þessum, gilda ákvæði í lögum Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands.